UMHVERFIS
STOFNUN

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík 22. maí 2018
UST201805-118/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Sæborg í Aðalvík**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir jörðina Sæborg í Aðalvík, og er innan Hornstrandarfriðlandsins.

**Frárennsli**

Umhverfisstofnun minnir á að allt frárennsli skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að merkja staðsetningu rotþróar og vatnsveitu inn á uppdrátt.

**Framkvæmdir**

Að mati Umhverfisstofnunar kemur skýrt fram hvaða útlit og hvernig húsagerð er áætluð á lóðinni sem er óbyggð.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. auglýsingu um friðlandið nr. 332/1985 kemur fram í 1. gr. að mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjöru, er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir — Kristín Ósk Jónasdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Kristín Ósk Jónasdóttir
Sérfræðingur